

Sjálfbærni- og umhverfisstefna Heildar fasteignafélags hf.

Stefna Heildar fasteignafélags hf. („Heild“ eða „félagið“) miðar að því að rekstur félagsins sé til fyrirmyndar í íslensku atvinnulífi. Rekstur fasteigna hefur töluverð áhrif á umhverfi og lífsgæði fólks og í fasteignum sem eru í umsjá félagsins starfar fjöldinn allur af fólki auk þess sem þúsundir manns sækja sér þjónustu ýmissa fyrirtækja sem leigja hjá félaginu.

Fasteignarekstur er í eðli sínu langtímaverkefni og er það mat félagsins að fjárhagslegir og umhverfislegir þættir falli vel hvor að öðrum þegar skammtímahugsun vikur fyrir sjálfbærri langtímahugsun. Heild leggur áherslu á að lágmarka þau neikvæðu áhrif sem starfsemi félagsins kann að hafa á umhverfið með virðingu fyrir umhverfinu að leiðarljósi. Markmið félagsins er að umhverfisvitund endurspeglast í rekstri félagsins, stjórnun, ákvörðunartöku og daglegum rekstri.

Umhverfisleg viðmið

- Framkvæmdir á vegum félagsins miða að því að lágmarka rask á umhverfi eftir því sem kostur er og að frágangur sé í fyrirrúmi. Auk þess að allur sá úrgangur sem til fellur sé flokkaður á réttan hátt.
- Á starfsstöðvum félagsins er lögð áhersla á að lágmarka kolefnisspor félagsins, flokkun sorps er höfð í fyrirrúmi og leitast við að lágmarka pappírsmengun.
- Félagið leggur áherslu á að leigutakar gangi snyrtilega um og lágmarki allt sem telst til óþrifnaðar og/eða sjónmengunar ásamt öðrum sambærilegum þáttum eftir því sem kostur er.
- Heild býður leigutökum sínum upp á pappírslaus viðskipti, þ.e. að leigureikningar séu sendir rafrænt, annað hvort í gegnum skeytamiðlun eða með vefpósti.

Félagsleg viðmið

- Heild leggur áherslu á að búa vel að starfsfólki og hefur unnið markvisst að því að skapa hvetjandi og jákvætt umhverfi þar sem ólíkir einstaklingar geta vaxið í starfi og eflt kunnáttu sína.
- Kyndbundin mismunun er ekki liðin, í hvaða formi sem hún birtist og er það stefna Heildar að útrýma slíkri mismunun.
- Heild leggur áherslu á að greiða sömu laun fyrir sama framlag og eiga konu og karlar að njóta sömu kjara fyrir sambærileg störf. Munur á launum á ekki að vera vegna kyns heldur aðeins að endurspeglar mun á vinnuframlagi, ábyrgð og eðli starfa, menntun og frammistöðu.

Stjórnarhættir

- Verklag innan félagsins miðast að því að stunda heilbrigða viðskiptahætti og sýna ábyrgð.
- Stjórn félagsins er ábyrg fyrir því að setja og koma til skila gildum félagsins og þeim væntingum sem stjórn hefur til stjórnenda og starfsmanna félagsins.

- Stjórnendur skulu sýna gott fordæmi gagnvart öðrum starfsmönnum og vinna eftir þeim gildum, stefnum og reglum sem stjórn hefur sett. Stjórnendur skulu á virkan hátt kynna, fylgjast með og meta áhættumeningu félagsins. Þeir skulu meta hvort og þá hvernig áhættumening félagsins hefur áhrif á fjárhagslegan stöðugleika þess, áhættusnið og stjórnarhætti.
- Starfsmenn skulu vinna eftir innri reglum félagsins og þeim lögum og reglum sem gilda. Starfsmenn skulu upplýsa um hugsanlegt misferli sem þeir verða varir við, hvort sem það er til stjórnenda félagsins eða stjórnar þess.

Sjálfbærni

- Sjálfbær þróun miðar að því að fullnægja þörfum samtímans án þess að skerða möguleika komandi kynslóða á því sama. Sjálfbær þróun kallar á heildarsýn þar sem mál eru skoðuð frá sem allra flestum hliðum svo afleiðingar þeirra ákvarðana sem teknar eru verði fyrirsjáanlegar í sem víðustu samhengi.
- Heild er með þá stefnu að vera leiðandi í þróun á sjálfbæru borgarsamfélagi eftir því sem kostur er.

Stjórn félagsins staðfestir stefnu þessa.

Ólafur Atli

Ásger Þórhildur

Jón Þ. L.